

Verkefni: Aðalfundur Gígjunnar.

Dagsetning fundar: 22. október 2011.

Tímasetning fundar: kl. 14:00 - 16:05

Fundarstaður: Söngskólinn Domus Vox, Laugavegi 116, 105 Reykjavík

Stjórnarkonur Gígjunnar:

Aðalheiður Gunnarsdóttir	formaður	mætt
Sigurborg Sigurðardóttir	varaformaður	fjarverandi
Steiney Halldórsdóttir	ritari	mætt
Anna Inga Grímsdóttir	gjaldkeri	mætt
Anna Laxdal Þórólfsdóttir	meðstjórnandi	mætt
Ingibjörg Viggósdóttir	varamaður	fjarverandi
Ragnheiður Helgadóttir	varamaður	mætt
Dagbjört Sigurbergisdóttir	varamaður	fjarverandi
Margrét Bóasdóttir	verndari Gígjunnar	fjarverandi

Eftirtaldir aðildarkórar sendu fulltrúa til aðalfundarins:

Freyjukórinn í Borgarfirði (Ulla R. Pedersen)

Fjörðurnar (Laufey Egilsdóttir)

Jórukórinn Selfossi (Sigrún Helga Valdimarsdóttir og Paola Daziani)

Kvennakór Hafnarfjarðar (Arnfríður Arnardóttir, Ragnheiður Helgadóttir og Steiney Halldórsdóttir)

Kvennakór Kópavogs (Jófríður Guðmundsdóttir)

Kvennakór Reykjavíkur (Anna Laxdal Þórólfsdóttir)

Kvennakór Suðurnesja (Ina Dóra Hjálmarsdóttir, Bergný Jóna Sævarsdóttir og Aðalheiður Gunnarsdóttir)

Kvennakór Öldutúns (Guðrún Lilja Rúnarsdóttir)

Kvennakórinn Léttisveit Reykjavíkur (Margrét Þorvaldsdóttir, Auður Aðalsteinsdóttir, Þórkatla Aðalsteinsdóttir, Júlíana Rannveig Einarsdóttir og Anna Inga Grímsdóttir)

Kvennakórinn Seljur (Laufey Valdimarsdóttir og Hulda S. Júlíusdóttir)

Kvennakórinn Ymur (Sigríður H. Elliðadóttir og Jónína B Magnúsdóttir)

Kyrjurnar (Inga J. Arnardóttir)

Vox Feminae (Sigurbjörg Aðalsteinsdóttir, Sigríður Anna Ellerup, Heiða Gunnarsdóttir,

Halla Katrín Svölu- og Arnardóttir og Bryndís Egilsson)

Senjórítukórinn (Edda Magnúsdóttir og Elísabet Þórðardóttir)

Fundarefni og helstu niðurstöður fundar:

Aðalheiður Gunnarsdóttir formaður setti fundinn og bauð fundarkonur velkomnar. Hún lagði til að Snæfríð Egilsson yrði kosinn fundarstjóri og Steiney Halldórsdóttir fundarritari og var það samþykkt með lófataki. Að loknum aðalfundi var kvennakórskona heiðruð. Formannabréf til fjölmiðla kynnt og lagt fyrir kórana. Farið var yfir vefsetur Gígjunnar. Nýtt lógó Gígjunnar var kynnt og Þórkatla Aðalsteinsdóttir flutti erindið "Gleði í kvennakórarstarfi".

1. Skýrsla stjórnar.

Aðalheiður Gunnarsdóttir formaður flutti skýrslu stjórnar, sem var eftirfarandi:

Aðalfundur 2010.

Á aðalfund Gígunnar sem haldinn var 23. október 2010 mætti 41 kona frá 14 kórum. Á fundinum gekk Jofríður Guðmundsdóttir úr aðalstjórn sambandsins. Anna Lilja Stefánsdóttir og Sigrún Óskarsdóttir gengu úr varastjórn.

Núverandi stjórn er þannig skipuð:

Aðalstjórn:

Formaður: Aðalheiður Gunnarsdóttir, Kvennakór Suðurnesja

Varaformaður: Sigurborg Sigurðardóttir, Kvennakór Garðabæjar

Gjaldkeri: Anna Inga Grímsdóttir, Léttuveit Reykjavíkur

Ritari: Steiney Halldórsdóttir, Kvennakór Hafnarfjarðar

Meðstjórnandi: Anna Laxdal Þórólfsdóttir, Kvennakór Reykjavíkur

Varastjórn:

Dagbjört Sigurbergisdóttir, Kyrjunum

Ragnheiður Helgadóttir, Kvennakór Hafnarfjarðar

Ingibjörg Viggósdóttir, Kyrjunum

Skoðunarmenn reikninga eru Inga J. Arnardóttir og Margrét Hreinsdóttir. Margrét Bóasdóttir er verndari samtakanna. Aðalheiður Gunnarsdóttir tók við starfi vefstjóra af Jofríði Guðmundsdóttur.

Í tengslum við aðalfundinn var haldið málþing kórstjóra og lýstu þeir yfir ánægju með það. Ákveðið var að halda annan kórstjórafund á Landsmóti kvennakóra á Selfossi.

Að loknum hefðbundnum aðalfundarstörfum var Hrönn Hjaltadóttir úr Kvennakór Reykjavíkur heiðruð fyrir gott og óeigingjarnt starf.

Þá flutti Ingibjörg Pétursdóttir úr Léttuveit Reykjavíkur erindið "Það er gaman að syngja saman". Fundarkonur skemmtu sér vel yfir þessu yndislega erindi enda segir Ingibjörg virkilega skemmtilega frá og lét hláturinn ekki á sér standa í salnum.

Þær Petra Sigurðardóttir og Kolbrún Káradóttir úr Jorukórnum kynntu síðan komandi landsmót á Selfossi. Að lokinni kynningu afhentu þær öllum fundargestum geisladisk Jorukórsins, "Mátulegt er meyjarstig", að gjöf.

Margrét Þorvaldsdóttir, formaður Léttuveitar Reykjavíkur, kvaddi sér að því loknu hljóðs og afhenti Tónverkasjóð Gígunnar rausnarlegan styrk, 110 þúsund krónur. Styrkurinn var veittur í minningu Eyglóar Eyjólfisdóttur, félaga í Léttuveitinni, sem lést á síðastliðnu ári.

Í umræðum í lok fundar kom fram hugmynd um að halda sameiginlega stórtónleika kvennakóra í Hörpunni og er sú hugmynd í skoðun.

Fundargerð frá aðalfundinum er á vefsetri Gígunnar, gígjan.is, undir liðnum „Stjórn“ og má þar finna erindi Ingibjargar í heild sinni auk nánari upplýsinga um fundinn.

Starf stjórnar síðastliðið ár.

Á þessu starfsári hefur stjórnin haldið fimm stjórnarfundum og má finna fundargerðir frá þeim á vefsetri Gígunnar.

Aðildarkórar.

Einn nýr kór gerðist aðildarkór að Gígjunni á árinu en það er frænkukór sem heitir Fjörðurnar. Haft var samband við Iðnu Lísurnar á Húsavík en þær voru ekki tilbúnar að ganga í sambandið að svo stöddu. Einnig var haft samband við Flugfreyjukórinn en þær sýndu ekki áhuga á aðild.

Á árinu áttu Uppsveitasystur og Kvennakórinn við Háskóla Íslands 5 ára afmæli, Kvennakór Akureyrar varð 10 ára, Jórúkkórinn og Kvennakór Hornafjarðar urðu 15 ára og Kvennakórinn Seljur áttu 20 ára afmæli. Stjórn Gígunnar óskar kórnum hjartanlega til hamingju með þessa áfanga.

Kvennakór Garðabæjar hélt upp á 10 ára afmæli árið 2010 og fagnaði því m.a. með því að gefa út geisladiskinn "Jólasöngur" fyrir síðustu jóla.

Sama dag og síðasti aðalfundur var haldinn, 23. október 2010, var haldið kóramót í Hofi á Akureyri þar sem 24 kórar úr Eyþingi á Norðausturlandi tóku þátt, en þar á meðal voru þrír aðildarkórar Gígunnar. Það voru Kvennakór Akureyrar, Kvennakórinn Embla og Kvennakórinn Salka.

Vox feminae og Kvennakór Kópavogs héldu í söngferðir erlendis í júní. Vox feminae fór til Ítalíu þar sem kórinn söng við messu í hinni frægu Markúsarkirkju í Feneyjum auk þess að halda tónleika í Verona og Piacenza. Kvennakór Kópavogs heimsótti vinakór sinn, Good Parts, í Leeds í Englandi. Einhverjir kórar hafa líka lagt land undir fót hér innanlands, heimsótt aðra kóra og haldið tónleika. Tónleikar aðildarkóra sem Gígjan hefur fengið fregnir af á starfsárinu eru 48.

Landsmót íslenskra kvennakóra á Selfossi.

Landsmót íslenskra kvennakóra var haldið á Selfossi 29. apríl - 1. maí 2011. Jórúkkórinn á Selfossi hélt landsmótið að þessu sinni og gerðu þær það með glæsibrag. Alls tóku 23 kvennakórar þátt í mótinu og mættu yfir 600 konur á mótið sem var það langstærsta af þeim átta landsmótum sem haldin hafa verið. Þrátt fyrir það gekk allt snurðulaust fyrir sig, enda skipulagningin frábær hjá Jórúkonum og voru mótsgestir ánægðir og þakklátir að mótinu loknu. Stjórn Gígunnar þakkar Jórúkkórnum og öllum sem tóku þátt fyrir glæsilegt landsmót.

Félagsfundur fór fram á mótinu þar sem vefsetrið var kynnt og síðan var þremur konum afhentar viðurkenningar fyrir frábær störf í þágu Gígunnar og kvennakóra á Íslandi en það voru þær Margrét Bóasdóttir, Margrét Pálmadóttir og Heiða Gunnarsdóttir.

Formannafundur og kórstjórafundur voru einnig haldnir á mótinu. Á formannafundinum var m.a. rætt um áhugaleysi fjölmiðla á málefnum kvennakóra og var ákveðið að senda

áskorun til fjölmiðla frá formönnum kvennakóra. Áskorunin verður lögð fram hér á fundinum á eftir.

Við mótsslit var tilkynnt að næsta landsmót verði haldið á Akureyri og mun Kvennakór Akureyrar halda mótið. Þær hafa nú þegar ákveðið að landsmótið verði haldið helgina 9. - 11. maí 2014. Skipuð hefur verið landsmótsnefnd en í henni eru þær Snæfríð Egilson, Anna Breiðfjörð Sigurðardóttir og Hólmfríður Þorsteinsdóttir. Verið er að skoða hugmynd um að byrja mótið á fimmtudegi eða um hádegi á föstudegi og hætta fyrir svo konur hafi sunnudaginn til að komast heim en tillaga þess efnis kom fram á formannafundinum.

Tónverkasjóður.

Í október 2010 fengu aðildarkórar Gíggunnar sent jólalagið "Stjarna yfir Betlehem" sem Elín Gunnlaugsdóttir samdi fyrir Tónverkasjóð Gíggunnar. Samkvæmt heimildum Gíggunnar flutti enginn aðildarkór lagið fyrir síðustu jól og fékk stjórnin framlengingu á frumflutningsrétti á laginu til næstu áramóta.

Í ár bærust stjórn Gíggunnar, sem jafnframt fer með stjórn Tónverkasjóðsins, tvær umsóknir um styrk frá aðildarkórum sambandsins en samkvæmt lögum sjóðsins er stjórn hans heimilt að taka þátt í kostnaði við tónverk sem aðildarkór Gíggunnar hefur frumkvæði að, komi fram ósk um slíkt, enda verði verkið öðrum aðildarkórum Gíggunnar frjálst til flutnings um leið og verkið hefur verið frumflutt. Kostnaðarhlutur sjóðsins skal í þeim tilvikum þó aldrei vera hærri en 33% af kostnaði við tónverkið. Samþykkti stjórnin að veita Vox feminae styrk vegna messu sem kórin fékk Báru Grímsdóttir til að semja fyrir sig. Einnig fékk Jórúkórinn styrk vegna landsmótslagsins 2011, "Haustkvöld" eftir Örlyg Benediktsson við texta Brynju Bjarnadóttur.

Vefsetur Gíggunnar.

Vefsetur Gíggunnar gegnir mikilvægu hlutverki í starfsemi sambandsins bæði sem upplýsingamiðill fyrir aðildarkóra og sem heimildasafn. Það skiptir því miklu máli að aðildarkórar séu virkir í því að senda inn fréttir af tónleikum og annarri starfsemi. Fréttum af tónleikum hefur farið fækkandi undanfarin ár sem bendir til að Gíggunni berist ekki fréttir af öllum tónleikum sem aðildarkórarnir halda. Það er í höndum kóranna að þessi heimildaskrá sem tónleikasíðan er verði sem best úr garði gerð með því að senda inn fréttir af öllum tónleikum.

Til þess að vefsetrið þjóni tilgangi sínum sem best áætla stjórn Gíggunnar uppfærslu á því og er verið að skoða kostnaðinn við það. Stjórnin hefur einnig látið hanna nýtt lógó sem verður kynnt hér á eftir.

Að lokum.

Stjórn Gíggunnar þakkar öllum aðildarkórum sambandsins fyrir ánægjulegt samstarf á liðnu starfsári og vonar að Gígjan og kvennakórustarf haldi áfram að vaxa og dafna á komandi árum. Við minnum á að til þess að Gígjan geti þjónað hagsmunum aðildakóranna sem best er mikilvægt að kórar bregðist vel við fyrirspurnum og könnunum frá stjórninni og sendi ábendingar og tillögur um þau mál sem þeir telja að fjalla þurfi um.

2. Reikningar.

Anna Inga Grímsdóttir gjaldkeri lagði fram reikninga starfsársins 2010-2011 og las þá yfir fyrir fundargesti.

3. Umræða um skýrslu og reikninga.

Engar fyrirspurnir urðu um skýrslu stjórnar og var hún samþykkt einróma undir þessum lið. Ekki komu heldur neinar fyrirspurnir um reikninga og voru þeir bornir upp til samþykktar. Þeir voru samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.

4. Tillögur og lagabreytingar.

Engar tillögur komu um lagabreytingar á lögum Gígunnar.

5. Ákvörðun árgjalds.

Tillaga kom um að hafa árgjald óbreytt frá fyrra ári þ.e. 200 kr. pr. kórkonu. og 3000 kr. á hvern aðildarkór. Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

6. Kosning formanns.

Aðalheiður Gunnarsdóttir gengur úr stjórn og býður Anna Laxdal Þórólfsdóttir sig fram til starfa sem formaður. Var hún samþykkt með lófaklappi.

7. Kosning stjórnar og varamanna.

Steiney Halldórsdóttir, Kvk Hafnarfjarðar, gefur kost á sér áfram. Anna Inga Grímsdóttir, Léttuveit Reykjavíkur og Sigurborg Sigurðardóttir, Kvk Garðabæjar, ganga úr stjórn. Ragnheiður Helgadóttir, Kvk Hafnarfjarðar, Dagný Þrastardóttir, Kvk Ísafjarðar og Þórhildur Kristjánsdóttir, Kvk Hornafjarðar gefa kost á sér í aðalstjórn. Dagbjört Sigurbergisdóttir, Kyrjunum og Ingibjörg Viggósdóttir, Kyrjunum ganga úr varastjórn og Ragnheiður Helgadóttir sem verið hefur í varastjórn gefur kost á sér í aðalstjórn. Snæfríð Egilson, Kvk Akureyrar, Anna Breiðfjörð Sigurðardóttir, Kvk Akureyrar og Anna Guðrún Gylfadóttir, Kvk Ísafjarðar gefa kost á sér í varastjórn. Allar voru samþykktar samhljóða.

8. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga.

Skoðunarmenn reikninga eru Inga J. Arnar og Margrét Hreinsdóttir. Þær gefa kost á sér áfram og voru samþykktar einróma.



Stjórn Gígunnar 2011-2012. Steiney Halldórsdóttir, Ragnheiður Helgadóttir, Dagný Þrastardóttir, Anna Laxdal Þórólfsdóttir og Þórhildur G. Kristjánsdóttir.

9. önnur mál.

Heiðurstilnefning. Aðalheiður las upp tilnefningar sem komu frá kórnum en tilnefningarnar voru eftirfarandi:

Sigurbjörg Aðalsteinsdóttir Vox feminae
Aðalbjörg Sigmarsdóttir Kvennakór Akureyrar.

Stjórnin kaus á milli þessara heiðurskvenna og var mjótt á mununum í kosningunni. En það var Sigurbjörg Aðalsteinsdóttir sem varð fyrir valinu. Eftirfarandi er umsögn Vox feminae um Sigurbjörgu Aðalsteinsdóttur.

Kvennakórinn Vox feminae tilnefnir hér með Sigurbjörgu Aðalsteinsdóttur til heiðurstilnefningar Gígunnar.

Sigurbjörg var í undirbúningshópi vegna stofnunar Kvennakórs Reykjavíkur og einn af stofnfélögum hans þegar kórinn var stofnaður árið 1993. Hún var ekki aðeins fyrsti formaður kórsins heldur kom að myndun hans, mótun og uppbyggingu. Þegar slitnaði upp úr samstarfi Kvennakórs Reykjavíkur og hans kóra árið 2000, hélt Vox feminae áfram starfi sínu sem sjálfstæður kór og var Sigurbjörg fyrsti formaður hans og sinnti því starfi ötullega í sex ár.

Þá starfaði Sigurbjörg í stjórn Gígunnar á fyrstu starfsárum hennar og tók þannig þátt í að móta það mikilvæga starf sem Gígjan sinnir.

Sigurbjörg hefur alla tíð verið metnaðarfull og framsýn og unnið gríðargott starf í þágu uppbyggingar kvennakóramenningar landsins.

Sigurbjörg hefur komið að ýmsum verkefnum innan kórsins og nú síðast var hún annar ritstjóri ljósmynda- og sögubókar Vox feminae “*da capo*” þar sem saga kórsins er rakin í máli og myndum auk hugleiðinga kórfélaga um þýðingu söngs í lífi þeirra. Bókin er þannig mikilvæg heimild um íslenskan kvennakór sem stofnaður var á síðustu öld og á án efa eftir að varpa ljósi á þann raunveruleika sem við nú búum við. Við grípum hér niður í hugleiðingu Sigurbjargar um kvennakórssöng úr bókinni da capo:

Fyrir margar okkar er fyrsta minningin um kvennakór tengd Kramhúsinu og kórskóla Margrétar J. Pálmadóttur. Sú látlausa auglýsing um kórskóla fyrir konur sem birtist í Morgunblaðinu í janúar 1992 leiddi okkur á fund hennar, á vit söngs með öðrum konum, á vit þeirra ævintýra sem óhjákvæmilega fylgdu í kjölfarið.

Í minningunni sitjum við flötum beinum í æfingasál í kjallara Kramhússins, í stuttu hléi frá söngnum, og Margrét segir... karlakórar hafa sungið hér í sjötíu ár: Eigum við ekki að stofna kvennakór, er ekki kominn tími til þess að stofnaður sé Kvennakór Reykjavíkur?

Í mínum huga var þessi hugmynd stórkostleg en glöðust var ég þó yfir því trausti og virðingu sem mér fannst hún sýna okkur. Sjálf vissi ég varla að til væri fyrirbærið kvennakór, og á örskotsstundu og eins og fyrir töfra, varð líf mitt og okkar allra litað af því, samtvinnuð því og verður aldrei eins aftur. Síðan hefur margt gerst, við höfum orðið hluti af mjög lifandi og vel skipulagðri kvennahreyfingu. Við höfum átt þátt í skapa þá hreyfingu og skrifa kafla í íslenskri kvennasögu og tónlistarsögu, því á tæpum tveimur áratugum margfaldast fjöldi kvennakóra um landið allt, þeir stofna landssamtök, fá tónskáld til að semja verk fyrir nákvæmlega það hljóðfæri og ekki önnur, og kvennakórar öðlast viðurkenningu sem listrænt hljóðfæri.

Allt hefur þetta gerst og er að gerast fyrir tilverknað Margrétar, og í samvinnu hennar og annarra kvenna, sem deila hugmyndum, metnaði, sameinuðum vilja til góðra verka, og umfram allt ást á samhljómi kvenna.

Allt þetta er veganesti á vit nýrra ævintýra.

Aðalheiður Gunnarsdóttir afhenti Sigurbjörgu skjal og afsteypu af verki Ásmundar Sveinssonar, Hörpunni.



Aðalheiður afhendir Sigurbjörgu blóm og afsteypu af Hörpunni.

Nýtt Lógó Gígjunnar kynnt.

Anna Laxdal Þórólfsdóttir og Aðalheiður Gunnarsdóttir kynntu nýtt lógó Gígjunnar. Lógóið var hannað af Grétu í Hvíta húsinu. Lógóið á að sameinast í tónlist-hreyfingu og styrk. Umræða var um lógóið og voru konur mjög ánægðar með það. Það var klappað fyrir þessu framtaki stjórnarinnar.



Anna Laxdal kynnir nýtt lógó Gígjunnar

Vefsetur Gígjunnar.

Aðalheiður kynnti vefsetur Gígjunnar. Hún minnti á ýmis atriði sem eru á vefnum eins og fréttir frá aðildarkórnum. Hún hvatti formenn til að senda inn meiri fréttir af starfi kóranna, þar sem vefsetrið geymir allar heimildir. Fréttir mega m.a. vera um starf kóranna, ferðalög, æfingabúðir, fjáraflanir, ferðasögur innan- og utanlands og annað sem kórarnir eru að gera í starfinu. Hún óskaði einnig eftir því að kóranir sendu til Gígjunnar allar breytingar á stjórn þegar þær gerðust, þannig að réttar upplýsingar væru alltaf á vefsetrinu. Þessar breytingar eru t.d. nýr formaður, heimilisföng, fjöldi kórkvenna og netföng. Ef kórarnir hafa gefið út geisladisk, þá ættu þeir endilega að senda inn upplýsingar er varða útgáfu á þeim.

Hún sagði einnig frá því að allar reglur er varða umsókn í tónverkasjóðinn væru á heimasíðunni ef kórar vildu sækja um styrk.

Hún hvatti einnig konur til að skoða fundargerðir til að sjá hvað væri í gangi hjá kórnum og stjórn Gígjunnar. Alltaf væri gott að fá viðbrögð frá kórnum um starf stjórnarinnar og starfið almennt hjá kórnum.

Fyrirspurn kom frá Freyjukórnum um hvort Gígjan myndi fjárfesta í Síbelius nótnaforriti og gera það aðgengilegt fyrir kórana. Aðalheiður tjáði þeim að það væri í höndum næstu stjórnar.



Fundarkonur hlusta af mikilli athygli.

Formannabréf.

Gígjan og aðildarkórarnir hafa útbúið bréf til fjölmiðla og er það eftirfarandi:

Reykjavík, 23. október 2011

Áskorun frá formönnum íslenskra kvennakóra til fjölmiðla á Íslandi.

Íslendingar eru söngelsk þjóð sem sannaðist vel á Landsmóti íslenskra kvennakóra sem haldið var á Selfossi dagana 29. apríl til 1. maí sl. Á landsmótið mættu alls 22 kvennakórar frá öllum landshlutum auk íslenska kvennakórsins í Kaupmannahöfn. Það var hátíðleg stund þegar rúmlega 600 konur þöndu saman raddböndin á lokatónleikum mótsins í Iðu og frumfluttu nýtt íslenskt tónverk, „Haustkvöld“ eftir Örlyg Benediktsson við texta Brynju Bjarnadóttur. Umsjón með mótinu hafði Jórúkórinn á Selfossi og er það samdóma álit allra að afar vel hafi tekist til.

Rúmum mánuði fyrir landsmót hófu mótshaldarar af fullum krafti að reyna að vekja áhuga fjölmiðla á Landsmótinu, en þá þegar lá fyrir að þetta yrði langfjölmennasta landsmót kvennakóra hingað til. Haft var samband við alla helstu fréttamiðla landsins, dagblöð, útvarps- og sjónvarpsstöðvar. Sendar voru fréttatilkynningar og fréttir af mótinu en mótshaldarar mættu svo að segja algeru áhugaleysi.

Laugardaginn 30. apríl funduðu formenn allra kóranna þar sem meðal annars ofangreint skeytingarleysi fjölmiðla var rætt. Var það samhljóma reynsla formannanna að kórarnir ættu jafnan mjög erfitt með að vekja áhuga fjölmiðla á starfi sínu, sem er einkennilegt ef tekið er mið af ört vaxandi starfi íslenskra kvennakóra og þeirri miklu vinnu og metnaði sem lögð er í söngstarfið.

Formenn kóranna ræddu einnig hversu sjaldan kvennakóratónlist heyrir í útvarpi og sjónvarpi, þrátt fyrir að margir kóranna hafi á síðustu árum fengið íslensk tónskáld til að semja ný verk fyrir kórana og útsetja eldri lög. Margir kóranna hafa gefið út metnaðarfulla geisladiska og er sorglegt hversu litla spilun þeir fá.

Formenn íslenskra kvennakóra skora því hér með á íslenska fjölmiðla að halda betur á lofti þessu öfluga starfi sem þúsundir íslenskra kvenna stunda af metnaði og áhuga.

Umræður fóru fram um bréfið og var m.a. bent á að Kastljós væri lítið að fá kóra til að syngja, aðallega poppgrúppur fyrir unga fólkið en ekki aðaláhorfendur Kastljóss. Það kom fram að það var reynt að fá umsögn og kynningu fyrir landsmótið en gekk ekki upp. Bréfið verður sent á alla fjölmiðla og er áætlað að bæta við í bréfið fjölda kvennakóra og fjölda kvenna í öllum kórunum.

Þórkatla Aðalsteinsdóttir flutti erindið “Gleði í kvennakórastarfi”

Þórkatla leitaði í smiðju sálfræðinnar og sagði frá þarfapýramída Marslows. Hún sagði að eftir þær þarfir að borða og klæðast kæmi næsta þörf. Alltaf kæmi ný og ný þörf til að uppfylla ánægju lífsins. Hún sagði að allar nýjar þarfir væru uppfylltar í kór. Konur mæta oft á æfingar fúlar. Það endist í 5 mínútur og svo allt í einu hætta þær að vera fúlar og fer að þykja vænt um allar konurnar. Það að syngja saman gerir okkur að betri manneskjum. Það er nauðsynlegt að tilheyra hópi því við lifum ekki af án þess að vera í hópum. Hún sjálf væri leiðinleg, þrátt fyrir að vera vel uppbyggður og þroskaður listamaður, ef hún væri ekki í kór. Kórinn hjálpar við að skapa jákvæða sjálfsmynd. Það getur oft verið erfitt að mæta á æfingu, þreytt og lúin. En reynslan sýnir samt að við verðum glaðar eftir æfinguna eins og nýhreinsaður hundur. Hún sjálf fær meira að segja stundum tár í augun, því að hún veit hvað hún syngur vel. Eftir erfiðan vinnudag getur söngur og aðrar kórkonur hjálpað við að sigrast á flóknum verkum og í kór eru konur ekki að eyða orkunni heldur að fylla á tankinn fyrir dagsins amstur.

Þetta allt kemur þegar konur eru að njóta kórstarfsins og styðja hvor aðra. Þetta getur breyst þegar við erum að skipta okkur af hinum kórkonunum. Þá getur aftur á móti orkan tapast. Við verðum að passa okkur á að verða ekki löggur og passa of mikið upp á hvað aðrar eru að gera, heldur virða mörkin hjá hvor annarri og njóta samverunnar saman. Góð æfing fyrir "controlfrík" eins og hana sjálfa er að læra að treysta kórstjóranum og vera ekki hrædd við að gera sig að fífla við að syngja vitlaust. Best er að hætta að hugsa um það sem nagar mann og taka sig ekki of hátíðlega. Hún veit að þetta kemur allt á endanum. Að lokum vill hún þakka fyrir að fá að vera í kór.

Allar konurnar skemmtu sér mjög vel við að hlusta á erindi Þórkötlunnar enda hafa allar trúlega lent í þessum aðstæðum eins og hún lýsti svo vel í erindi sínu.



Þórkatla að flytja erindið "Gleði í kvennakórastarfi"

Umraður

Júlíana Rannveig Einarsdóttir formaður Léttisveitarinnar vildi koma þeirri hugmynd á framfæri hvort kórar myndu vilja skoða afsláttarkort fyrir konur í öðrum kórum. Konur voru almennt ánægðar með þessa hugmynd og þarf að koma þessu á framfæri við alla kórana. Sigurbjörg Aðalsteinsdóttir Vox Feminae ítrekaði við næstu stjórn hugmynd sem áður var komin um Sibelíus forritið.

Heiða Gunnarsdóttir þakkaði stjórninni fyrir störf sín og ítrekaði að þær konur sem koma inn í varastjórn fari inn í stjórn síðar. Hún bauð einnig fram aðstoð sína í sambandi við vefsetur Gíggunnar. Hún sagði að sjálfsögðu værum við kvennakórakonur flottastar. Hún þakkaði einnig fyrir heiðurinn sem henni var sýndur á Landsmóti kvennakóra. Að lokum sagði hún að aðalfundur Gíggunnar væri mjög góður vettvangur fyrir upplýsingar um starf annarra kvennakóra á landinu.

Aðalheiður Gunnarsdóttir sagði að Heiða Gunnarsdóttir hafi verið stjórninni mikið innan handar. Alltaf þegar leitað hafi verið til hennar, hafi hún verið tilbúin til að aðstoða stjórnina. Hún þakkaði henni sérstaklega fyrir alla aðstoðina.

Laufey Egilsdóttir fulltrúi frá Fjörðunum sagði frá því að á mánudag 24. október myndu Fjörðurnar syngja við kvennamessu í Dómkirkjunni. Aðalheiður Gunnarsdóttir bauð þær velkomnar inn í samband íslenskra kvennakóra Gígguna.

Ulla R. Pedersen í Freyjukórnum sagði frá því að Freyjukórinn hafi farið á landsmótið. Hún sagði að þetta hafi verið svo mikil upplifun fyrir kórinn og að starf kórsins hafi farið á fullt eftir þetta. Konur hafi bæst í kórinn og kórinn sé fílefldur eftir þessa upplifun.

Júlíana Rannveig Einarsdóttir í Léttisveitinni skoraði á formenn og Gígguna að senda á fjölmiðla ósk um að spila kvennakóratónlist t.d. á kvennafrídaginn. Einnig að konur sendi kveðjur í Óskastundina hjá RÚV til hvor annarrar með ósk um lög kvennakóranna. Hún kom einnig með tillögu um að fyrir næsta landsmót komi kórarnir fram saman eða sér og syngi lög til að kveikja í fjölmiðlunum. Gígjan gæti t.d. skipulagt þessar uppákomur. Það kom fram að Kvinnakór Reykjavíkur hafi sungið í Vík og á Klaustri á leiðinni á landsmótið á Hornafirði og það hafi verið fullt á báðum stöðum.

Aðalheiður formaður þakkaði konum kærlega fyrir komuna og fundarsetuna. Klappað var fyrir fráfari stjórn.

Fundi var slitið kl. 16:05

Ritari fundargerðar: Steiney Halldórsdóttir